

Dagný Hauksdóttir
Skipulagsfulltrúi í Vestmannaeyjum
dagny@vestmannaeyjar.is

Reykjavík, 20. mars 2025
MÍ202411-0056/ 6.06/6776

Skólavegur 21b, Vestmannaeyjum, tillaga að breytingu

Í tölvupósti 25. febrúar óskar Dagný Hauksdóttir skipulagsfulltrúi eftir álit Minjastofnunar vegna tillögu að breytingum á Skólavegi 21B, Alþýðuhúsinu, að beiðni umhverfis- og skipulagsráðs Vestmannaeyjabæjar. Með erindinu barst ódagsett og óundirritað skjal með þrívíddarmyndum er sýna hugmynd að útliti fjögurra hæða fjölbýlishúss á lóðinni, þar sem einungis framhlið Alþýðuhússins stendur eftir.

Alþýðuhúsið við Skólaveg 21b er steinsteypt samkomuhús, stærstur hluti þess er einlyftur og hýsir sal þar sem hátt er til lofts en aðrir hlutar hússins eru á tveimur hæðum. Húsið var reist árið 1927 skv. Þjóðskrá. Eigendum húsa sem byggð voru 1940 eða fyrr sem hyggjast breyta þeim, flytja þau eða rífa er skylt að leita álits Minjastofnunar Íslands, sbr. 1. mgr. 30. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012. Minjastofnun hefur áður fjallað um erindi um niðurrif hússins í umsögn frá 28. nóvember 2024, þar sem mælt var gegn því að húsið yrði rífið.

Í fylgiskjali með erindinu er verkefnið kynnt sem: “tillaga af breyttu útliti og skipulagi”. Fram kemur í umsagnarbeiðni að “breytingarnar geri ráð fyrir að burðavirki Alþýðuhússins verði notað að hluta. Breytingarnar á húsinu er því ekki fyrirhugaðar vegna þess að húsið sé ónýtt heldur þar sem eigandinn telur ekki forsendur fyrir rekstri í núverandi mynd hússins og að það muni nýtast betur sem íbúðarhús.” Á skýringarmyndum af fyrirhugaðri „breytingu“ verður ekki séð að varðveita eigi aðra hluta af útveggjum Alþýðuhússins en framhlið þess. Því er í reynd er verið að sækja um niðurrif á öðrum hlutum hússins enda vart raunhæft að breyta og byggja ofan á steypa burðarveggi eldra húss með þeim hætti sem tillagan sýnir.

Minjastofnun Íslands mælir með því að húsinu verði fundið hlutverk sem ekki krefst stórvægilegra breytinga sem draga myndu úr varðveislugildi þess. Byggingin á sér merka sögu og hefur gildi fyrir samfélagið í Eyjum og stendur auk þess á áberandi stað í bænum, í næsta nágrenni við Stakkagerðistún, safnahúsið og ráðhús Vestmannaeyja. Auk samfélagslegs gildis, hefur Alþýðuhúsið byggingarlistarlegt, menningarsögulegt og umhverfislegt gildi fyrir Vestmannaeyjabæ. Minjastofnun mælir með því að tillögunni verði hafnað.

f.h. Minjastofnunar Íslands,


Pétur H. Ármannsson
sviðsstjóri húsverndarsviðs


María Gísladóttir
arkitekt, verkefnastjóri



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Suðurgata 39
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

postur@minjastofnun.is
www.minjastofnun.is

Kennitala: 440113-0280